

Lokaskýrsla

eftirlitsnefndar til ráðherra atvinnuvega- og nýsköpunarmála, samkvæmt lögum
nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna
banka- og gjaldeyrishrunsins

Apríl 2013

1. „Executive summary“

Í þessari lokaskýrslu Eftirlitsnefndar Alþingis með sértækri skuldaaðlögun (hér eftir nefndin eða eftirlitsnefndin) sem skipuð var skv. lögum nr. 107/2009, er m.a. gerð grein fyrir framkvæmd fjármálafyrirtækja á sértækri skuldaaðlögun fyrirtækja sem skulda milljarð og meira og eftirliti nefndarinnar á þeim úrræðum sem lögin og reglur byggðar á þeim taka til vegna aðgerða í þágu fyrirtækja. Fjallað er stuttlega um biðlán og mál sem enn eru í vinnslu. Er þetta lokaskýrsla nefndarinnar.

Gerð er grein fyrir þeim frávikum sem nefndin taldi að upp hefðu komið við skoðun á skuldaaðlögun fjármálafyrirtækjann í niðurstöðum þar sem fjallað er um frávik einstakra fjármálafyrirtækja í 5. kafla, en frávik varða helst uppgjör á sjálfskuldarábyrgðum og eignamat. Úrlausn stórra skuldamála er flókið viðfangsefni og kallar á flóknari og sérhæfðari úrræði til að fjárhagsleg endurskipulagning gangi upp en tilfellið er þar sem mál eru minni í sniðum. Hafa ber í huga að samkomulagið um Beinu brautina náði ekki til stærri fyrirtækja.

Byggt á þeim úrtaksmálum sem skoðuð voru, er það niðurstaða nefndarinnar að framkvæmd fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrirtækja sem skulda milljarð og meira hjá fjármálafyrirtækjum, hafi að meginstefnu til verið í samræmi við lög og reglur. Einstök frávik fundust varðandi mat á eigna- og rekstrarvirði og meðhöndlun sjálfskuldarábyrgða.

Nefndi þakkar fjármálafyrirtækjunum og starfsmönnum þeirra fyrir samstarfið á starfstíma nefndarinnar og óskar þeim velfarnaðar í vandasömum störfum.

Störfum nefndarinnar á grundvelli laga 107/2009 er hér með lokið.

1. „EXECUTIVE SUMMARY“	2
2. INNGANGUR	4
3. BIÐLÁN	5
3.1 Greiðsla biðlána á gjalddaga	5
4. ÓLOKIN MÁL	7
4.1 Fyrirtækjamál í vinnslu – Ólokin mál 31.12.2012	8
4.2 Hefur verið lagt mat á það hvort endurútreikningur geti leitt til þess að fyrirtæki í vinnslu geti staðið við skuldbindingar sínar?	8
4.3 Eru fyrir séð vandamál vegna ólokinna mála og þá hver helst?	10
4.4 Hvernig er áætlað að ljúka fyrirtækjamálum sem enn eru í vinnslu?	11
4.5 Vanskilahlutfall	11
4.6 Hafa endurskipulögð fyrirtæki komist í greiðsluþrot eða hætt starfsemi?	11
4.7 Sparisjóðir – ólokin mál	11
5. ÚTLÁN YFIR EINN MILLJARÐUR KRÓNA (1.000 MILLJÓNIR KRÓNA)	13
5.1 Íslandsbanki	13
6. AFSKRIFTIR YFIR EINN MILLJARÐUR (1.000 MILLJÓNIR)	14
7. SJÁLFSKULDARÁBYRGÐIR	15
8. ÖNNUR ATRIÐI	16

2. Inngangur

Í skýrslu nefndarinnar frá 12. desember sl. var gerð grein fyrir skoðun á framkvæmd fjárhagslegrar endurskipulagningar minni og meðalstórra fyrirtækja og í skýrslu í september 2011 var gerð grein fyrir framkvæmd varðandi einstaklinga. Fyrir lá við skil skýrslunnar 12. desember sl. að ekki væri lokið vinnu nefndarinnar við skoðun úrtaksmála fyrirtækja með lán yfir milljarði. Nefndin hefur aflað upplýsinga um fyrirtækjamál sem enn eru í vinnslu eða er ólokið af einhverjum ástæðum auk þess að afla frekari upplýsinga um biðlán og afdrif fyrirtækja sem fengið hafa fjárhagslega endurskipulagningu.

Ljóst er að fjármálafyrirtækin hafa ekki lokið sértækri skuldaaðlögun allnokkurs fjölda fyrirtækja. Eins hefur ekki verið lokið sértækri skuldaaðlögun fyrir nokkurn fjölda einstaklinga en umsóknarfrestur rann út um sl. áramót.

3. Biðlán

Mikill fjöldi fyrirtækja sem fengið hafa fjárhagslega endurskipulagningu hafa fengið hluta skulda sinna í formi biðláns auk rekstrarláns. Sé um biðlán að ræða hefur fyrirtækið ekki haft greiðslugetu nema fyrir hluta af þeim lánum sem jafngilda verðmæti fyrirtækisins. Biðlánin eru til þriggja ára og jafnan innan við 30% af heildarskuldum en geta í ákveðnum tilvikum verið hærra hlutfall, allt upp í 60% svo sem í tilviki bænda eins og fram hefur komið í skýrslum nefndarinnar. Hægt er að greiða biðlánin upp með afslætti, sem er mestur fyrstu 6-12 mánuði eftir að gengið er frá samningi um fjárhagslega endurskipulagningu, afslátturinn lækkar eftir því sem nær dregur gjalddaga biðlánsins en þá fellur hann niður. Þrátt fyrir að biðlánin beri lága vexti er engu að síður talsverður ávinningur af því fyrir eigendur fyrirtækja að greiða þau upp meðan afsláttarkjör eru í gildi. Raunin er hins vegar sú að fá fyrirtæki hafa greitt upp biðlán og nýtt þannig afsláttinn. Er það vísbending um að eigendur endurskipulagðra fyrirtækja eigi hvorki fjármuni né aðgang að fjármagni og að erfitt sé að fá inn nýtt fjármagn í fjárhagslega endurskipulagðan rekstur. Vegna þess að talsvert stór hluti fyrirtækja eru með biðlán og að fá þeirra hafa greitt þau upp meðan afsláttarkjara nýtur, stefnir í að stór hluti biðlána komi til greiðslu í lok samningstímans.

Í þessu samhengi er rétt að hafa í huga að fjármálafyrirtækin lána ekki fyrir uppgreiðslu biðlána sem greiðast upp á biðlánstímanum. Þau biðlán sem greidd hafa verið upp hafa öll verið greidd með peningagreiðslu frá eigendum.

3.1 Greiðsla biðlána á gjalddaga

Í samkomulagi um Beinu brautina segir í b) lið 3. gr. að afsláttur sem samið hafi verið um í byrjun vegna biðláns falli niður að þremur árum liðnum. Draga má þá ályktun af þessu orðalagi að fyrirtæki sem ekki geta greitt biðlán niður að hluta eða öllu leyti innan þess tíma, þurfi að greiða lánin á gjalddaga eða semja um niðurgreiðsluferli þeirra, án afsláttar. Ekki er frekar minnst á í samkomulaginu hvernig verði gengið frá greiðslu biðlána sem falla í gjalddaga eftir þrjú ár.

Raungildi biðlána í þeim tilvikum að nafnvextir hafi verið lægri en verðbólga hefur lækkað umtalsvert. Þessi fyrirtæki hafa, í krafti þeirrar ódýru fjármögnunar sem biðlánið er, haft svigrúm í 3 ár til að hagræða í rekstri og byggja upp eigið fé. Fyrirtækin ættu því að hafa

burði til að mæta biðlánnum, en reikna má með að stór hluti fyrirtækja muni engu að síður þurfa að endurfjármagna biðlánin.

Ekkert fjármálafyrirtækjanna hefur sett sér skriflegar verklagsreglur um biðlán. Fjármálafyrirtækin hafa öll lýst yfir að biðlán verði að greiða eða semja um endurgreiðslu á gjalddaga, þ.e. þau verði ekki afskrifuð. Kjör hafa ekki verið fastsett en gengið hefur verið út frá að biðlán í niðurgreiðsluferli verði hefðbundin rekstrarlán með þeim markaðsvöxtum sem fyrirtækinu standi til boða varðandi rekstrarlánaþyrirgreiðslu. Fjárhagsstaða fyrirtækis verði endurmetin svo og virði trygginga/veða. Sé staða biðláns innan virðis verði greiðslugetan metin. Í stuttu máli má því segja að lánstími og kjör muni alfarið ráðast af stöðu fyrirtækisins á gjalddaga biðlánsins.

Sé ljóst að ekki er forsenda fyrir endurfjármögnun biðláns með veitingu rekstrarláns má gera ráð fyrir hefðbundnum aðferðum og úrræðum til að taka á yfirskuldsetningu viðkomandi fyrirtækis með háþörfun endurheimta skulda að leiðarljósi, þ.m.t. gjaldþroti og/eða yfirtöku eigna fyrirtækja af hálfu fjármálafyrirtækja

Rétt er að hafa í huga að endurskipulagning fjárhagsskipunar fyrirtækja í kjölfar hrunsins var gerð undir formerkjum ójafnvægis á eigna-, gjaldmiðla- og vinnumarkaði. Sé sáemilegt jafnvægi ríkjandi í hagkerfinu er að jafnaði gott jafnvægi milli eignavirðis fyrirtækja og rekstrarvirðis þeirra. Biðlánunum var meðal annars ætlað að mæta áhrifum þessarar óvissu á vilja aðila til að ganga til samninga um fjárhagslega endurskipulagningu á tímum ójafnvægis, þau voru nokkurs konar biðleikur þar til aðstæður skýrðust, eins og nafnið bendir til. Taka má dæmi af fasteignafélagi. Í kjölfar fjármálahruns og efnahagssamdráttar endurmeta margir viðskiptavinir fasteignafélaga húsnæðisþörf sína, segja upp leigusamningum eða fara fram á endurskoðun þeirra. Verðmat fasteignar, sem miðast við útleiguhlutfall og útleigukjör í eðlilegu árferði getur því verið umtalsvert hærra en núvirt verðmæti leigusamninga í kjölfar fjármálahruns og efnahagssamdráttar. Eignavirðið er þá hærra en tekjuvirðið. Þegar frá líður og jafnvægi kemst á mun verðmæti fasteignarinnar endurspegla tekjuvirðið og upphæðir leigusamninga munu endurspegla verðmæti fasteignarinnar. Því ætti, þegar jafnvægi er komið á í efnahagslífinu að vera hægt að fjármagna fasteignafélagið með eðlilegum hætti án biðlána. Spurningin sem menn standa því frammi fyrir er hvort jafnvægi í efnahagslífinu sé orðið nægjanlega mikið þegar biðlánin renna sitt skeið á enda til að útrýma þörf fyrir biðleiki af því tagi sem felast í biðlánaaðferðinni.

Nefndin hefur fengið þær upplýsingar frá fjármálafyrirtækjunum að gjalddagar fyrstu biðlána séu í byrjun mars 2013.

4. Ólokin mál

Ljóst er að endurskipulagningarvinnu fyrir mörg starfandi fyrirtæki sem eiga í greiðslu- og skuldavanda er enn ekki lokið og þau jafnvel ekki fengið tilboð um fjárhagslega endurskipulagningu, þegar rúm 4 ár eru liðin frá hruni og rúm 3 ár frá því að lög nr. 107/2009 tóku gildi. Í ársbyrjun 2011 áttu verklagsreglurnar að vera orðnar skýrar. Mikil réttaróvissa, fyrst um lögmæti gengistryggðra lána og síðan um endurútreikning, hefur hins vegar tafið mjög fyrir því að hægt hafi verið að ljúka öllum málum.

Fjármálafyrirtækin hafa svarað fyrirspurn nefndarinnar um það hvaða úrræði fyrirtæki fái, sem óska nú eftir fjárhagslegri endurskipulagningu.

Almennt hafa fjármálafyrirtækin lýst því að þau telji úrræði í anda laga nr. 107/2009, þ.e. að jafna skuldum við eignir hjá yfirskuldsettum lífvænlegum fyrirtækjum ekki þvingandi fyrir starfsemi þeirra. Eðli úrræðanna hafi enda verið að leysa þann vanda sem þegar er til staðar og að líklegt yrði að sambærilegum lausnum yrði beitt í slíkum tilvikum í framtíðinni.

Sú aðferðafræði að leyst hafi verið úr skuldavanda yfirskuldsettra fyrirtækja má líta á sem viðbrögð við því að almennar forsendur, sem ekki voru á forræði lántaka, en lágu til grundvallar upphaflegri lánveitingu hafi ekki staðist. Í stöku tilvikum kann skuldavandi að stafa af því að fjármálafyrirtæki hafi gert mistök þegar útlán var til umfjöllunar og samþykktar. Það er hluti af eðlilegri starfsemi fjármálafyrirtækjanna að koma í veg fyrir að slík mistök verði, þ.e. að sú staða komi upp að lánað sé til fyrirtækja sem ekki geta staðið í skilum. Er þar um að ræða vinnuferla og lausnir sem eru allt annars eðlis en þær lausnir sem skynsamlegt er að beita þegar skuldavandi er orðinn að raunveruleika.

Nefndin sendi fyrirspurn um það hvaða lausnir fjármálafyrirtækin hygðust bjóða fyrirtækjum sem enn hefðu ekki fengið fjárhagslega endurskipulagningu. Í flestum tilvikum var svarið á þann veg að fjárhagsleg endurskipulagning þeirra fyrirtækja sem enn væru í vinnslu eða ekki hafin, yrði framkvæmd í samræmi við það verklag sem unnið hefur verið fram til þessa. Ekki

komu skýr svör um það hvort fjármálafyrirtækin hygðust áfram bjóða upp á endurskipulagningu í anda Beinu brautarinnar, þ.e. að bjóða upp á biðlán á lágum vöxtum þegar greiðslugeta er ekki fyrir öllum skuldum, nema frá Íslandsbanka sem lýsti því yfir að bankinn hygðist ekki bjóða upp á biðlán með lægri vöxtum.

Viðvarandi greiðslufall þrátt fyrir greiðslugetu hefur dregið úr trausti til þeirra fyrirtækja sem hafa ekkert greitt af lánum og borið fyrir sig óvissu vegna gengisviðmiðunar. Traust er ein meginforsenda fyrir samvinnu um fjárhagslega endurskipulagningu. Í þeim tilvikum þegar skortur á trausti var byggður á málefnalegum forsendum af hálfu fjármálafyrirtækis beitti nefndin sér ekki frekar í þeim málum.

4.1 Fyrirtækjamál í vinnslu – Ólokin mál 31.12.2012

Í skýrslu nefndarinnar 12. desember sl. kom fram að hluti fyrirtækjamála væri enn í vinnslu og/eða ókláruð. Nefndin sendi fyrirspurn til fjármálafyrirtækjanna þar sem óskað var eftir upplýsingum um það hvaða fyrirtæki væri um að ræða, hvaða vandkvæði væru fyrirsjáanleg sem gætu komið í veg fyrir að hægt væri að ljúka málum o.s.frv. Spurningarnar og svör fjármálafyrirtækjanna eru rakin hér á eftir í undirköflum.

Þrátt fyrir að áhersla hafi verið lögð á það í öllum fjármálafyrirtækjum að ljúka málum fyrirtækja með lífvænlegan rekstur þar sem hagsmunir fjármálafyrirtækjanna og samfélagsins eru mestir, þá er töluverður hluti ólokinna mála vegna slíkra fyrirtækja.

4.2 Hefur verið lagt mat á það hvort endurútreikningur geti leitt til þess að fyrirtæki í vinnslu geti staðið við skuldbindingar sínar?

Nefndin spurði fjármálafyrirtækin hvort lagt hefði verið mat á það hvort endurútreikningur lána með ólöglega gengistengingu geti leitt til þess að fyrirtæki sem enn er ekki búið að endurskipuleggja geti staðið við skuldbindingar sínar. Þar var verið að vísa til seinni endurútreiknings í kjölfar dóma um gildi fullnaðarkvittana enda höfðu fjármálafyrirtækin framkvæmt endurútreikning í samræmi við breytingar á lögum um vexti og verðbætur áramótin 2010/2011.

Fjármálafyrirtækin segjast flest ekki geta lagt mat á þetta atriði. Enn eigi eftir að flokka endanlega hvaða lán verði endurreiknuð. Forsendur endurútreiknings liggja ekki fyrir í heild,

þar skipti greiðsluhegðun í fortíð máli þ.e. hvort greitt hafi verið samkvæmt greiðsluseðlum, samið um frystingar og/eða fastar greiðslur o.s.frv. Íslandsbanki segist þó hafa lagt mat á það að einhverju leyti þó erfitt sé að finna nákvæma niðurstöðu miðað við framangreint og ekki hægt að segja til um heildartölur.

Öll fjármálafyrirtækin segja að nokkuð sé um að ekki sé hægt að vinna að málum fyrr en endurútreikningi ljúki þar sem samningsgrundvöllur milli lántaka og lánveitanda sé ekki fyrir hendi. Arion banki segist ávallt leggja mat á hvort endurútreikningur, reynist lán innihalda ólögmat gengisviðmið, leiði til fullnægjandi lausna til að tryggja gjaldfærni viðkomandi fyrirtækis þegar ekki hefur verið hægt að komast að samkomulagi um fjárhagslega endurskipulagningu.

Það er mat nefndarinnar að endurútreikningar eigi í sjálfu sér ekki að þurfa að hindra að fjárhagsleg endurskipulagning fyrirtækis, sem uppfyllri skilyrði að öðru leyti, eigi sér stað. Skuldir væru þá aðlagðar að eignavirði og það sem út af stæði afskrifað. Þegar síðar kemur niðurstaða í lögmati gengislána þá yrði tekið tillit til þess. Reynist lán lögmat stendur endurskipulagningin en reynist lán ólögmat kæmi til skoðunar hvort frekari niðurfelling ætti sér stað. Megininntak í fjárhagslegri endurskipulagningu á grundvelli laga númer 107/2009 hefur verið að fyrirtæki sé ekki að afsala sér betri rétti sem kemur til síðar og því ætti ekkert að vera til fyrirstöðu að ljúka málum á þessum forsendum.

Að þessu sögðu verður þó að taka fram að uppi eru vandamál sem snerta eiginfjárukningu stærri félaga. Í því ferli eru eigendur í erfiðri stöðu þurfi þeir að fá nýja aðila að eiginfjárukningunni, sé það forsenda endurskipulagningar og enn er óleystur ágreiningur um lögmati og endurútreikning lánasamninga. Komi síðar í ljós að lánaskilmálar hafi verið ólögmatir og að viðkomandi félag hafi þar af leiðandi ekki þurft aukið eigið fé, er búið að þvinga fyrri eigendur til að taka inn nýja eigendur sem fá þá hlut í þeirri lækkun skulda sem verður fyrir tilstuðlan endurútreiknings ólögmatra lána án sambærilegs framlags á móti. Þetta er ein ástæða þess að erfiðlega hefur gengið að klára endurskipulagningu í tilvikum þar sem ágreiningur er um lögmati gengislána. Krafa um eigið fé kann því í einhverjum tilvikum að tefja fyrir að fjárhagslegri endurskipulagningu. Spurning væri þarna hvort frekar ætti að taka upp biðlán meðan leyst er úr ágreiningi, sem yrði þá mætt með auknu eigin fé reynist lán lögmat en falla niður að hluta eða öllu leyti reynist lán ólögleg. Þá gætu nýir og gamlir

eigendur, gert með sér samning um hlutafjárútkningu sem endurstillti stöðu gamalla og nýrra eigenda að loknum endurútreikningi.

4.3 **Eru fyrirséð vandamál vegna ólokinna mála og þá hver helst?**

Nefndin óskaði upplýsinga um það hvort fjármálafyrirtækin hefðu greint hvort í uppsiglingu væru vandamál vegna ólokinna mála og ef svo væri hver þau vandamál væru helst. Nefnt var að í tilvikum þar sem fleiri en eitt fjármálafyrirtæki á hagsmuna að gæta væru enn óleyst mál vegna þess að þau væru erfið. Dæmi væru um að mál hafi dregist vegna þess að kröfuhafar eru ósammála, kröfuhafi dregur að svara eða lagðar eru fram annars konar tillögur en lagt var upp með. Slík mál hafi leitt til þess í einstaka tilvikum að málum hafi verið lokað af einum kröfuhafa án þess að annar hafi á sama tíma gengið frá sínum lánum eða að ekki er hægt að ljúka málum. Ekkert mál hefur verið lagt fyrir úrskurðarnefnd kröfuhafa samkvæmt 6. gr. laga nr. 107/2009. Ekkert fjármálafyrirtækjanna nefndi í svari sínu til nefndarinnar að ósætti kröfuhafa um niðurfærslu skulda væri vandamál. Nefndin telur ekki ástæðu til að draga í efa að fjármálafyrirtækin telji ósætti kröfuhafa ekki vera algengt eða a.m.k. ekki valda vandamálum. Hins vegar áréttar nefndin eins og nefnt var í síðustu skýrslu að ekki á að ljúka málum nema allir kröfuhafar færi niður skuldir. Leggja á mál fyrir úrskurðarnefnd ef ósætti er en ekki að færa niður skuldir eins kröfuhafa meðan annar gerir það ekki. Fyrirtæki fá með slíkri afgreiðslu ekki úrlausn sinna mála í samræmi við lög, SFF reglurnar og Samkomulag um Beinu brautina.

Fjármálafyrirtækin voru öll sammála um að óvissa vegna gengislánadóma sé stærsta fyrirséða vandamálið vegna ólokinna mála. Var þá aðallega þrennt nefnt í því sambandi. Í fyrsta lagi að fyrirtæki haldi því fram að þau séu með ólögmat lán og séu ósammála mati fjármálafyrirtækja um lögmæti lána (þ.e. lán sem ekki voru gengistryggð heldur lögmæt lán í erlendum myntum). Í öðru lagi að ekki liggi fyrir endanlegar forsendur til endurútreiknings ólögmætra gengistryggðra lána að nýju og fyrirtæki vilji ekki semja meðan svo er enda telji þau sig geta átt kröfur á fjármálafyrirtækin. Í þriðja lagi að ekki sé hægt að innheimta og fullnusta lán sem eru í vanskilum með hefðbundnum hætti bæði vegna deilna um lögmæti lána og eins vegna óvissu um endurútreikning.

4.4 Hvernig er áætlað að ljúka fyrirtækjamálum sem enn eru í vinnslu?

Fjármálafyrirtækin voru beðin um að gera grein fyrir því hvernig þau hygðust ljúka fyrirtækjamálum sem væru enn í vinnslu, bæði hvað varðar tímasetningar og vinnulag.

Fjármálafyrirtækin sögðust munu áfram starfrækja sérstakar deildir sem vinna að fyrirtækjalausnum, þó það sé fyrirséð að starfsemi þeirra muni eitthvað dragast saman frá því sem verið hefur. Fjármálafyrirtækin segjast munu ljúka endurskipulagningu fyrirtækja á árinu 2013 og stefni að því að hlutfall lána til fyrirtækja með 90 daga vanskil og meira verði komin í viðunandi mörk. Sá fyrirvari hefur þó verið gerður að dómur um lögmæti/ólögmæti lánasamninga og endurútreikninga geti tafið fyrir. Einnig hefur verið nefnt að óvissa um afkomu sjávarútvegsfyrirtækja geti dregið úrlausnir á langinn.

4.5 Vanskilahlutfall

Nefndin óskaði upplýsinga hjá fjármálafyrirtækjunum um hvert væri vanskilahlutfall hjá þeim fyrirtækjum sem fengið hafa fjárhagslega endurskipulagningu. Miðað við stöðu 30.11.2012 er vanskilahlutfall hjá fjármálafyrirtækjunum 1% - 20%.

4.6 Hafa endurskipulögð fyrirtæki komist í greiðsluþrot eða hætt starfsemi?

Miðað við upplýsingar fjármálafyrirtækjanna hafa fá fjárhagslega endurskipulögð fyrirtæki komist í greiðsluþrot og/eða orðið gjaldþrota. Þar sem vanskil eru mest hafa 5 fyrirtæki verið sett í innheimtuferli. Í sumum tilvikum hafa forráðamenn fyrirtækjanna unnið að frekari fjárhagslegri endurskipulagningu í samráði við fjármálafyrirtækin áður en til þrots hefur komið. Þó hefur ekki verið mikið um það að endurskipulögð fyrirtæki hafi þurft að leita aftur til fjármálafyrirtækjanna vegna brostinna áætlana eða ófyrirséðra atvika sem veikt hafa stöðu þeirra.

4.7 Sparisjóðir – ólokin mál

Vinnu við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja hjá sparisjóðunum er ekki lokið. Sem fjármálafyrirtæki höfðu þeir sömu frumkvæðisskyldu og önnur fjármálafyrirtæki að bjóða viðskiptavinum lausnir á fjárhagsvanda þeirra en þeirri frumkvæðisskyldu virðist lítið hafa verið sinnt. Sparisjóðirnir búa við sömu óvissu varðandi lögmæti gengisbindingu og

endurútreikning lána og önnur fjármálafyrirtæki og að sama skapi möguleikann til að ljúka þeim málum með fyrirvara um leiðréttingu síðar þegar endanlegir dómar sem leysa úr ágreiningi liggja fyrir. Nefndin telur að sparisjóðirnir hefðu átt að geta verið búnir að ljúka sínum málum með þessum hætti, bæði varðandi fyrirtæki og einstaklinga og telur rétt að þeir geri það sem fyrst.

5. Útlán yfir einn milljarður króna (1.000 milljónir króna)

Samkomulag fjármálafyrirtækja o.fl. aðila á markaði náði til fyrirtækja sem voru með útlán á bilinu 10 til 1.000 milljónir króna sem flokkast undir minni og meðalstór fyrirtæki. Stærri fyrirtæki, þ.e. þau sem eru með útlán yfir einum milljarði króna voru í meginatriðum meðhöndluð með sömu aðferðum, þ.e. að skuldir þeirra voru aðlagðar að eignum og greiðslugetu í þeim tilvikum að um lífvænleg fyrirtæki væri að ræða. Í einhverjum tilvikum var ákvæðinu um traust og trúverðugleika vikið til hliðar og hagsmunir af áframhaldandi rekstri látnir veða þyngra.

Annað sem einkenndi þennan flokk fyrirtækja var að í viðskiptabönkunum þremur var eftirfylgni varðandi sjálfsskuldaábyrgðir misjöfn, allt frá því að taka þær að fullu inn í skuldauppgjör og að sleppa þeim alveg. Í einstökum tilvikum byggði eftirgjöf sjálfsskuldaábyrgða ekki á niðurstöðu útreikninga á greiðslugetu ábyrgðaraðila eða þá að ekki var gerð fullnægjandi grein fyrir forsendum eftirgjafar. Í afgreiðslum sjálfsskuldaábyrgða með þessum hætti felst mismunur sem gengur gegn ákvæðum 4. mgr. 5. gr. laga nr. 107/2009.

Nefndinni entist ekki tími til að skoða frekar meðferð sjálfsskuldaábyrgða og annarra afgreiðslu stærri skuldamála í kjölfar frávika sem upp komu og því er ekki með vissu hægt að segja til um hversu almenn frávik eru. Sjá frekari umfjöllun um sjálfsskuldaábyrgðir í kafla 7 hér á eftir.

Greind frávik einstakra fjármálafyrirtækja í málum þar sem skuldir eru yfir einum milljarði króna greinast þannig:

5.1 Íslandsbanki

Tvö tilvik þar sem sjálfsskuldaábyrgðir voru felldar niður án skoðunar á eignastöðu eða greiðslugetu.

Eitt tilvik þar sem notast var við lægsta mat á eignavirði án fullnægjandi skýringa þegar tvö hærra verðmöt lágu fyrir.

Eitt tilvik þar sem mat á verðmæti fyrirtækis miðaðist við tiltekið eiginfjárlutfall, en sama viðmiðun var ekki notuð í skuldauppgjöri þrátt fyrir að breytt eiginfjárlutfall hefði áhrif til breytingar á verðmæti fyrirtækisins.

6. Afskriftir yfir einn milljarður (1.000 milljónir)

Í lögum nr. 107/2009 er sérstaklega gert ráð fyrir að nefndin geri grein fyrir afgreiðslu þeirra mála þar sem afskrift krafna fer umfram einn milljarð. Nefndin hafði óskað eftir upplýsingum frá fjármálafyrirtækjum fyrir lok árs 2012 til að geta gert grein fyrir þeim en ekki reyndist unnt að fá þær upplýsingar frá öllum fyrir áramót. Af þeim sökum er ekki hægt að gera grein fyrir áramótastöðu afskrifaðra krafna umfram einn milljarð.

7. Sjálfsskuldarábyrgðir

Greiðslugetu sjálfsskuldarábyrgðaraðila skal meta með sama hætti og greiðslugetu vegna greiðslu lána, þ.e. með hliðsjón af tekjuflæði og eignastöðu ábyrgðaraðilans. Við yfirferð á málum þar sem skuldir og/eða niðurfærslur skulda voru umfram einn milljarð króna komu upp allnokkur tilvik þar sem nefndin taldi einsýnt að fjármálafyrirtæki gengju ekki að sjálfsskuldarábyrgðum með sama hætti og almennt er áskilið, þ.e.a.s. með því að fella aðeins niður þann hluta sjálfsskuldarábyrgðar sem væri umfram greiðslugetu ábyrgðaraðila.

Frávikstilvikin fólust í að greiðslumat var ekki framkvæmt eða framkvæmd þess byggð á einhliða upplýsingagjöf ábyrgðaraðila án þess að fjármálafyrirtæki staðreyndi upplýsingarnar með formlegum hætti eða að sjálfsskuldarábyrgðum var sleppt að fullu án skýringa.

Dæmi eru um að einstaklingar hafi gengist í sjálfsskuldarábyrgðir vegna lána sem eru stórt margfeldi eiginfjár ábyrgðaraðilans á þeim tíma sem ábyrgðin er veitt. Væntanlega rökstyður fjármálafyrirtæki slíka lánveitingu með vísan til þess að hagnaðarvon tengd því verkefni sem verið er að lána til sé svo mikil að það réttlæti ábyrgðina. Ef eiginfjárstaða ábyrgðaraðila er veik vaknar sú spurning hvort ekki hefði verið eðlilegra að taka veð beint í því tekjustreymi sem láninu var ætlað að skapa. Aðgerðir fjármálafyrirtækja í kjölfar verðfalls á þessum mörkuðum ættu að miða að því að takmarka möguleg skaðleg keðjuverkunaráhrif.

Markmið fjármálafyrirtækis með að veita lán út á sjálfsskuldarábyrgð er fyrst og fremst að fá tryggingar fyrir láninu. Staða ábyrgðaraðila kann að vera slík að honum henti frekar að veita sjálfsskuldaábyrgð á láni en að losa um eigin eignir til að koma inn með nýtt fé. Sjálfsskuldaábyrgð setur ekki bönd á ákveðnar eignir ábyrgðaraðilans og er hann frjálst að ráðstafa eignum sína öfugt við það sem væri ef hann veitti beint veð í þeim.

Frávik vegna sjálfsskuldarábyrgða komu í ljós við eftirlit þegar stutt var eftir af starfstíma nefndarinnar. Því var ekki mögulegt að víkka úrtak nefndarinnar þó tilefni hefði annars verið til. Þó ber að nefna að nefndin og starfsfólk hennar hafa lagt sig eftir að kanna meðferð sjálfsskuldaábyrgða í öllum úrtaksmálum.

8. Önnur atriði

Við skoðun fyrirtækja með umfangsmeiri starfsemi komu upp tilvik þar sem einstakur eigandi var skráður rétthafi umboða eða leyfa sem nauðsynlega þurftu til starfseminnar. Við skoðun sýndist ekki hafa verið lánað til fyrirtækis í slíkum tilvikum með hliðsjón af því eða að um það hafi ekki verið upplýst við lántöku. Upplýsingar þar um komu ekki fram í ársreikningum, hvorki varðandi eignarrétt eða í formi upplýsinga um leyfisgreiðslur til tengdra aðila en eigandi leyfis er eðli máls samkvæmt móttakandi leyfisgreiðslunnar sé hann í raun eigandi leyfisins. Nefndin óskaði ekki upplýsinga um hvort skattskil væru í takt við þá eignastöðu enda taldi nefndin það utan verksviðs síns.

Miklum fjölda mála einstaklinga var vísað til Umboðsmanns skuldara og er fjöldi mála þar enn ófrágenginn. Fjármálafyrirtækin hafa lýst því yfir að þau muni taka við málum frá Umboðsmanni til 1. apríl 2013. Skoða þarf hvort Umboðsmaður náí að vinna öll mál fyrir þann tíma þannig að girt verði fyrir að einstaklingar sem áttu rétt á sértækri skuldaaðlögun missi ekki þann rétt sinn, hafi afgreiðsla Umboðsmanns dregist fram yfir 1. apríl.